


Lífið fyrr og nú

Stutt Íslandssaga



Hallgerður Gísladóttir
Helgi Skúli Kjartansson

Hallgerður Gísladóttir
Helgi Skúli Kjartansson

Lífið fyrr og nú

Stutt Íslandssaga




Freydís Kristjánsdóttir teiknaði myndir

m MENNTAMÁLASTOFNUN


Efnisyfirlit



Landnámsmenn	4 – 5
Kristni og kirkja	6 – 7
Þing og goðar	8 – 9
Snorri Sturluson	10 – 11




Fornsögurnar	12 – 13
Líf fornanna	14 – 15
Jón Arason	16
Hallgrímur Pétursson	17




Refsingar	18
Galdrabrennur	19
Á sveitabæjum	20 – 21
Húsdýrin og maturinn	22 – 23



Vinnan	24 – 25
Fatnaður	26 – 27
Matur	28 – 29
Hreinlæti	30 – 31




Áhættusamt líf	32 – 33
Á hestbaki	34 – 35
Verslun	36 – 37
Yfirvöldin	38 – 39



Móðuharðindin	40
Reykjavík	41
Öld Jóns Sigurðssonar	42 – 43
Heimastjórn	44 – 45



Á stríðsárunum	46 – 47
Sveitin og landið	48 – 49
Fiskurinn í sjónum	50 – 51



Börnin læra	52
Karlar og konur	53
Allt annað líf	54 – 55

Landnámsmenn



Landnámsmenn voru duglegir sjómenn sem komu til Íslands á víkingaskipum.

Ísland var lengi ónumið land þar sem ekkert fólk átti heima. Í öðrum löndum var fólk sem vantaði gott land til að búa í. Þar lærðu menn að smíða víkingaskip og sigla yfir hafið. Þá fundu menn Ísland og fyrstu mennirnir settust hér að. Þeir eru kallaðir landnámsmenn.

Landnámsmenn þurftu að flytja með sér húsdýr, verkfæri og allt sem þurfti til að búa í nýju landi.



Þar sem dáið fólk var grafið finnast stundum mannabein og fleiri fornminjar.

Flestir landnámsmenn komu frá Noregi fyrir meira en þúsund árum. Íslendingar, sem nú lifa, eru afkomendur landnámsmanna.

Fyrsti landnámsmaðurinn hét Ingólfur Arnarson. Hann kom frá Noregi með fjölskyldu sína, vinnufólk og þræla. Hann gat valið sér land hvar sem hann vildi, því að enginn var kominn á undan honum. Hann kaus að byggja bæinn sinn þar sem Reykjavík er núna.

Á dögum Ingólfs var Reykjavík bara einn sveitabær. Allt umhverfið var þakið gróðri, grasi og skógi. Á Íslandi voru þá stórir birkiskógar, og víða var grænn gróður þar sem nú er grjót og sandur.



Í Reykjavík er stytta af Ingólfi Arnarsyni, fyrsta landnámsmanninum.



Til Íslands komu stórar fjölskyldur sem byggðu sér bæi.

Kristni og kirkja

Landnámsmenn trúðu á heiðin goð, bæði guði og gyðjur. Fólk trúði líka á verur sem áttu heima í náttúrunni, í steinum eða fjöllum eða fossum.

Í sumum löndum var á þessum tíma komin á kristin trú. Þar trúði fólk á Jesú Krist, byggði kirkjur og hafði presta. Sumir þrælarnir, sem landnámsmenn komu með, voru frá kristnum löndum, til dæmis Írlandi. Víkingar höfðu rænt þessu fólki og gert það að þrælum. Menn gátu líka keypt sér þræla og látið þá vinna fyrir sig.



Æðsti guðinn hét Óðinn. Hann vissi allt sem gerðist af því að hrafnarnir sögðu honum það.




*Þór var sterkasti guðinn.
Hann notaði hamarinn Mjölni til að berjast við hættuleg tröll.*

Kristin trú breiddist út til margra landa. Til Íslands komu kristniboðar sem sögðu fólki frá Jesú. Þá ákváðu Íslendingar að skipta um trú og verða kristnir. Eftir kristnitöku var bannað að trúa á gömlu goðin. Í staðinn átti að byggja kirkjur og fá presta til að messa í þeim. Börn voru skírð og fermd og lærðu bænir.

Æðstu menn í kirkjunni hétu biskupar. Þeir áttu heima í sveit eins og allir aðrir. Einn var í Skálholti, annar á Hólum í Hjaltadal. Þar voru stærstu kirkjur landsins, dómkirkjurnar. Þar gátu strákar verið í skóla og lært að verða prestar. Flestir krakkar fóru aldrei í skóla en sumir lærðu að lesa og skrifa heima hjá sér.



Elsta mynd af Jesú Kristi sem geymst hefur á Íslandi. Svona myndir voru í kirkjunum.



Eftir kristnitöku komu kirkjur og prestar, og öll börn voru skírð.

Þing og goðar




Alþingi var á Þingvöllum. Ræðumenn tölðu á Lögbergi við Almannagjá.

Landnámsmennirnir, og aðrir sem áttu hér heima fyrir mörg hundruð árum, eru kallaðir fornmenn.

Hjá fornmönnum voru engir ráðherrar eða borgarstjórar eða sýslumenn. Ekki heldur lögregla. En sumir bændur voru ríkir og duglegir og réðu meiru en aðrir.

Æðstu bændurnir hétu goðar. Þeir voru höfðingjar yfir hinum. Á hverju sumri héldu goðarnir þing. Það hét Alþingi og var haldið á Þingvöllum. Goðarnir höfðu marga menn með sér, og fólk kom líka á Alþingi sér til skemmtunar. Þegar þurfti að setja ný lög eða ákveða eitthvað mikilvægt, gerðu goðarnir það á Alþingi.



Á Alþingi voru sett lög, til dæmis um kristnitökuna.

Í útlöndum ríktu konungar, til dæmis í Noregi. Íslenskum höfðingjum, sem voru á ferð í Noregi, þótti merkilegt að kynnast konunginum.

Stundum var mikill ófriður milli goðanna á Íslandi. Þeir söfnuðu oft liði til að berjast hver við annan. Margir særðust eða dóu í þessum átökum. Þetta tímabil hefur verið kallað Sturlungaöld. Goðarnir reyndu að fá hjálp frá konunginum í Noregi, en hann vildi verða konungur yfir Íslandi líka.

Konungurinn gerði samning við Íslendinga um að hann mundi tryggja frið ef hann fengi að stjórna á Íslandi. Íslendingar voru þá ekki lengur sjálfstæðir. Í staðinn fyrir goðana komu sýslumenn og aðrir embættismenn sem konungur réð yfir. Þessi samningur heitir Gamli sáttmáli.



Íslendingar á Alþingi sverja að borga Noregskonungi skatt.



Óskadraumur stráka var að verða miklir bardagamenn.

Snorri Sturluson



Snorri þurfti ekki að vinna erfiða vinnu þegar hann var barn. Hann mátti læra og lesa eins og hann vildi.

Frægastur af öllum fornmönnum er Snorri Sturluson. Snorri var ekki bardagamaður. En hann var gáfaður, orti kvæði og samdi bækur.

Frá því Snorri var þriggja ára ólst hann upp hjá fóstura sínum. Það var Jón Loftsson í Odda, völdugasti goðinn á öllu Íslandi. Í Odda gat Snorri lært mikið og lesið bækur.

Þegar Snorri var orðinn fullorðinn varð hann sjálfur goði. Þá bjó hann í Reykholti í Borgarfirði. Hann átti líka fleiri sveitabæi og fjöldann allan af kúm og kindum. Hann varð ríkasti maður á öllu landinu.



Í Reykholti hafði Snorri laug með heitu vatni til að sitja í. Hún heitir Snorraaug.


Þegar Snorri var í Noregi var hann gestur hjá kónginum. Hann orti kvæði um kónginn og fékk gjafir í staðinn.

Heima á Íslandi skrifaði Snorri bækur. Hann skráði sögur af heiðnum goðum og bók um norska konunga. Til er saga af langa-langa-langa-langa-langa-langafa hans, sem hét Egill Skallagrímsson og var frægur bardagamaður og skáld. Margir halda að Snorri hafi skrifað þessa sögu.

Snorri lifði á Sturlungaöld og átti í ófriði við aðra goða. Einu sinni komu óvinir hans að Reykholti um miðja nótt, fundu Snorra í felum og drápu hann.



Margt af því sem við vitum um fornmenn stendur í gömlum handritum.



Snorri orti kvæði um kónginn í Noregi. Kóngurinn var unglungur sem seinna varð fyrsti konungur Íslendinga. Þá var hann kallaður Hákon gamli.

Fornsögurnar





Gísli Súrsson var útlagi. Hann var dæmdur fyrir að drepa mann. Eftir það lifði hann í felum og var að lokum drepinn.

Fornmenn kunnu mikið af sögum og ljóðum og fólk skemmti sér oft við að hlusta á einhvern segja sögur. Svo fóru menn líka að skrifa sögur og búa til bækur. Ennþá eru margir sem lesa þessar fornu sögur og finnst þeir þekkja fólknið sem þær segja frá.

Í flestum fornsögum er sagt frá hraustum bardagamönnum. Oft er mesta hetjan drepin áður en sögunni lýkur.

Grettir sterki var líka dæmdur útlagi. Hann lifði á flakki og í felum í tuttugu ár áður en óvinir hans drápu hann. Þá varð hann stundum að stela kindum til að hafa kjötið af þeim í matinn.





Í Njálsbrennu dó Njáll á Bergþórshvoli, Skarphédinn, sonur hans, og margt fleira fólk. En hetjan Kári slapp út og hefndi fyrir brennuna með því að drepa marga af óvinunum.

Frægasta fornsagan heitir Njáls saga. Hún er um Njál á Bergþórshvoli, Bergþóru konu hans, og syni þeirra. Hún segir líka frá Gunnari á Hlíðarenda sem var vinur Njáls, Hallgerði konu hans og mörgu öðru fólki. Njáll barðist ekki, en hann var vitur og gaf fólki góð ráð.

Synir Njáls eignuðust líka marga óvini og lentu í bardögum. Njáll og Bergþóra, synir þeirra og fleira fólk brunnu inni þegar óvinir komu að Bergþórshvoli og kveiktu í húsinu. Það er kallað Njálsbrenna.

Gunnar á Hlíðarenda var mikill bardagamaður og var líka drepinn í sögunni.



Fornmenn börðust með sverðum, spjótum og öxum.

Líf fornanna

Fornmenn áttu allir heima í sveit. Þá voru engin þorp eða borgir á Íslandi. Á flestum bæjum bjó aðeins ein fjölskylda, kannski líka fáeinir þrælur eða vinnufólk.

Flestir þurftu að vinna mikið og lifa sparlega. En sumar fjölskyldur voru ríkar og fjölmennar. Þær áttu falleg föt og glæsileg vopn og bjuggu í stórum húsum. Ríka fólkið þurfti lítið að vinna og gat leyft börnunum sínum að æfa íþróttir og læra það sem þau höfðu áhuga á.

Stúlkur giftust meðan þær voru unglingar, jafnvel 13 ára gamlar.



Faðir stúlku mátti ráða hvaða manni hún giftist.




Fólk hafði ekki mikil þægindi heima hjá sér. Eldurinn var í staðinn fyrir ofn, lampa og eldavel. Sami pallur var notaður til að sitja á og sofa.

Snorri Sturluson fæddist 300 árum eftir að Ingólfur kom til Reykjavíkur.

Svo liðu enn mörg hundruð ár. Sumt breyttist. Noregskonungur fór að ráða yfir Íslandi, og seinna réð Danakonungur yfir landinu. Íslendingar hættu að nota vopn og berjast. Þeir hættu líka að skrifa fornsögur.

En sumt breyttist ekki mikið. Fólk hélt áfram að eiga heima á sveitabæjum og hafa kúr og kindur. Það vann sömu verkin, borðaði svipaðan mat og lífið gekk sinn vanangang öld eftir öld.

Myndin sýnir hvað saga Íslands er orðin löng. Hundruð ár eru ekki stór partur af allri sögu landsins. Í nærri 700 ár höfðu Íslendingar útlendan konung. Núna eru rúmlega 1000 ár síðan Ísland varð kristið.



Árið 2000

Ísland undir útlendum konungum

1000 ár

Sturlungaöld

100 ár

Kristnitaka

Landnám



Jón Arason



Þessa glæsilegu kápu keypti Jón Arason handa dómkirkjunni á Hólum. Jón var stórríkur og átti margar jarðir.

Einu sinni var biskup á Hólum í Hjaltadal sem hét Jón Arason. Á þeim tíma réð kóngurinn í Danmörku yfir Íslandi en páfinn í Róm réð yfir biskupum, prestum og kirkjum. Konungur ákvað nú að breyta kirkjunni úr kaþólskri kirkju í lútherska kirkju. Sú breyting er kölluð siðaskipti. Eftir siðaskiptin réð páfinn ekki lengur yfir kirkjunni heldur kóngurinn.

Jón Arason vildi hafa kaþólska kirkju áfram. Hann gerði uppreisn gegn kónginum, safnaði her og barðist við þá sem vildu lútherska kirkju. En Jón var tekinn til fanga og drepinn.

Lútherska kirkjan er enn þjóðkirkja á Íslandi. Samt er engin skylda að vera í henni. Menn mega til dæmis vera kaþólskir ef þeir vilja. Í gamla daga urðu allir að hafa sömu trú.



Jón Arason og synir hans gerðu uppreisn gegn kónginum. Þeir töpuðu og voru hálfhöggðir.

Hallgrímur Pétursson

Hundrað árum á eftir Jóni Arasyni var uppi prestur sem hét Hallgrímur Pétursson. Hann var skáld sem orti falleg og skemmtileg kvæði. Frægustu kvæðin hans heita Passíusálmar. Þeir eru um líf og dauða Jesú.

Kona Hallgríms hét Guðríður. Hún var kölluð Tyrkja-Gudda af því að hún hafði lent í Tyrkjaráninu. Þegar hún var ung komu sjóræningjar sem kallaðir voru Tyrkir til Vestmannaeyja og rændu henni og fleira fólki. Þeir fóru með fólkið til Afríku og gerðu það að þrælum.

Seinna voru sumir þrælarnir keyptir til baka. Þannig komst Guðríður aftur til Íslands. Á leiðinni heim kynntist hún Hallgrími Péturssyni.




Hallgrímskirkja í Reykjavík er kennd við Hallgrím Pétursson.



Í Tyrkjaráninu komu sjóræningjar til Íslands. Þeir höguðu sér eins og víkingar til forna, rændu fólki, brenndu hús og stálu hlutum.

Refsingar



Krökkum var oft refsað með hýðingu. Líka fullorðnu fólki sem hafði brotið af sér.



Ennþá er til öxi og höggstokkur sem voru notuð til að höggva höfudið af dæmdum afbrotamönnum í gamla daga.

Í gamla daga vildi fólk refsast stranglega fyrir allt sem gert var rangt. Þá þótti sjálfsagt að flengja börn sem voru óþæg eða löt að vinna.

Þegar fullorðið fólk braut lögin var það dæmt til harðrar refsingar. Til dæmis hýtt svo að blæddi. Stundum höfðu þjófarnir bara stolið mat af því að þeir áttu ekkert að borða. Fyrir meiri afbrot var fólk dæmt til dauða.

Sumt var harðbannað í gamla daga sem ekki telst glæpur núna. Það var hægt að kæra fólk fyrir að sofa saman ef það var ekki gift. Og það var glæpur ef gift fólk átti barn með öðrum en konunni sinni eða manningnum sínum.

Galdrabrennur

Í gamla daga trúði fólk á galdra. Það trúði þjóðsögum um galdramenn og það þótti stórhættulegt að eignast göldróttan mann fyrir óvin. Sumir lærðu að galdra og héldu að þeir gætu það í alvöru.

Á dögum Hallgríms Péturssonar voru Íslendingar sérstaklega hræddir við galdra. Þá trúðu margir á djöfulinn og héldu að hann hjálpaði galdramönnum.

Ef eitthvað slæmt kom fyrir var galdramönnum oft kennt um. Margir voru kærðir fyrir að vera göldróttir og nokkrir voru dæmdir til dauða. Þeir voru brenndir lifandi á báli. Það hétu galdrabrennur.



Galdramönnum var stundum kennt um ef húsdýr drápust.



Menn skrifuðu galdrastafi, til dæmis til að gera stúlkur hrifnar af sér.



Fólk hélt að galdramenn gætu vakið upp drauga og látið þá ráðast á fólk.

Á sveitabæjum



Í gamla daga áttu Íslendingar heima á sveitabæjum. Fólk byggði bæina aðallega úr torfi og grjóti. Það var efni sem þurfti ekki að kaupa því að víðast var hægt að finna grjót og stinga upp torf. Þá bjó fólk til flesta hluti sjálf en reyndi að spara allt sem þurfti að kaupa.

Aðalherbergið á bænum hét baðstofa. Þar voru rúm meðfram veggjum. Oft þurftu tveir og þrír að sofa í sama rúmi. Börn sváfu hjá einhverjum fullorðnum. Þegar fólk var inni hafði það rúmin sín fyrir sæti. Þar sat það við að borða og við vinnu sína, til dæmis þegar það var að búa til föt úr ull.

Í gamla daga var ekkert rafmagn. Maturinn var ekki búinn til á eldavél heldur yfir logandi eldi. Þess vegna er talað um eldhús og að elda mat.

Eldurinn var hafður í hlóðum úr stórum steinum. Þar hékk potturinn yfir eldinum. Fólk þurrkaði mó og kindaskít til að nota sem eldivið.

Í sveitabænum var enginn vaskur og ekki rennandi vatn. Fólk þurfti að bera vatnið inn í fötu og geyma það í tunnu. Ryksuga var ekki til, ekki einu sinni kústur. Gólfið var sópað með vendi úr trjágreinum. Vöndurinn var líka notaður til að flengja börn ef þau voru löt eða óþæg.

Sjónvarp var ekki til, ekki myndbönd og ekki einu sinni útvarp. Til skemmtunar var oft lesið eða sungið.

Í eldhúsinu voru hlóðir þar sem eldur brann undir pottinum.



Fólk þurrkaði mó eða kindaskít til að brenna í hlóðunum.



Húsdýrin og maturinn



Algengustu leikföng barnanna voru horn og bein úr húsdýrunum. Þau voru höfð fyrir kýr, kindur, hesta og hunda.


Á bæjum voru húsdýr, kindur, kýr og hestar. Mjólk fékkst úr kúnum og kindunum. Úr mjólkinni var búið til smjör og skyr. Af húsdýrunum fékkst líka kjöt og slátur. Fólk gerði mat úr hausunum, fótunum og blóðinu.

Skinnið af húsdýrum var notað í föt og skó. Ullin af kindunum var helsta efnið í föt. Reipi voru fléttuð úr hrosshárum. Horn og bein voru höfð fyrir leikföng og úr þeim mátti líka smíða skeiðar og tölur.

Svona kunni fólk að nýta margt sem það fékk heima í sveitinni. Þá var líka mjög fátt keypt í búðum.



Af húsdýrunum fékkst efni í mat, föt og fleira. Fólk notaði hesta og hunda við að reka kindur.



Fyrir utan mjólk og kjöt lifðu Íslendingar aðallega á fiski. Margir karlmenn fóru burt um tíma til að veiða fisk. Bátarnir voru úr tré, opnir að ofan. Auðvitað var ekki vél í þeim því að vélar voru ekki til. Menntu reru með árum út á sjó og veiddu þar á öngul.

Til að fiskurinn skemmdist ekki var hann látinn þorna. Þá varð hann að harðfiski sem heitir líka skreið. Það besta af skreiðinni var selt til útlanda. Hitt fóru sjómenn með heim til að hafa í matinn.

Fólk kunnir líka að nýta alls konar mat sem finnst í náttúrunni. Ef menn fundu dauðan hval fékkst af honum mikill matur. Menntu veiddu seli og fugla og tíndu egg. Yfirleitt hafði fólk ekki hænur til að verpa eggjum og ekki matjurtagarða til að rækta grænmeti, en það safnaði oft villtum jurtum sem hægt var að borða.

Fólk veiddi sér til matar, bæði fisk, fugla og seli.



Í gamla daga varð fólk fegið ef það fann dauðan hval í fjörunni. Þess vegna er óvænt happ ennþá kallað „hvalreki“.

Vinnan



Það var ekki bara fullorðna fólk með þurfti að vinna, börnin hjálpuðu til eins fljótt og þau gátu og gamalt fólk vann eins og það hafði krafta til.

Mest var að gera á sumrin. Þá var grasið slegið og þurrkað og geymt sem hey til að gefa húsdýrunum á veturna. Heyvinnan var seinleg því að allt var unnið með handverkfærum. Kindur voru láttnar bíta gras og lyng þó að það væri vetur.




Einu sinni á ári var ullin tekin af kindunum. En allt sumarið þurfti að mjólka þær tvisvar á dag.

Á sumrin var líka unnið við að mjólka kýr og kindur og gera mat úr mjólkinni. Lömbin, sem kindurnar eignast á vorin, fengu að sjúga mjólk úr mæðrum sínum meðan þau voru lítil. Svo voru lömbin rekin á fjall. Það var verk krakkanna að passa kýr og kindur, reka þær út í haga og aftur heim til að mjólka þær.

Það var líka mikil vinna að búa til það sem fólk þurfti að nota. Það var svo fátt sem hægt var að kaupa.

Fólk bjó til næstum öll fötin sín úr ull af kindunum. Á vorin þurfti að rýja kindurnar. Svo var ullin þvegin. Á veturna, þegar minna var að gera úti, sat fólk þó inni í baðstofu og vann úr ullinni. Það þurfti að greiða hana sundur og gera úr henni þráð sem svo var spunninn á snældu eða rokk. Úr honum var svo hægt að þrjúna flíkur eða vefa fataefni.

Skinnin af húsdýrunum voru líka notuð í skó og hlífðarföt. Ekki voru til regngallar eða gúmmístígvél heldur notuðu menn skinnklæði í hlífðarföt, til dæmis sjómenn. Fólk kunnir líka að smíða úr tré og járn, flétta reipi úr hrosshári og fleira.



Skór voru saumaðir úr skinni.



Þrjúna



Í langan tíma var öll ullin spunnin á snældu.



Svo kom nýtt tæki til að spinna: rokkurinn.



Fatnaður



Spariföt kvenna hétu faldbúningur, kennd við faldinn sem þær báru á höfði.

Konur voru í síðum pilsum við alla vinnu.

Í gamla daga voru konur og stelpur aldrei í buxum. Þær gengu í síðum pilsum, undirpilsí og utanyfirpilsí, og stundum með svuntu í viðbót. Að ofan voru konur innst í nærskyrtu. Svo í ermalausú vestu sem var reimað að framan og hét upphlutur. Þar utan yfir kom treyja. Þá voru ekki til brjóstahaldarar en upphluturinn kom í staðinn fyrir þá.

Þegar konum varð heitt við vinnuna fóru þær úr utanyfirpilsinu og treyjunni og voru bara á upphlutnum. Löngu seinna var upphluturinn gerður að spariflík.


Konur höfðu hárið í tveimur fléttum og gengu oftast með skotthúfu.



Allir notuðu ullarsokka sem náðu upp á læri.
Sokkabönd héldu sokkunum uppi.

Karlmenn gengu í buxum með axlaböndum.
Þær náðu bara niður að hné. Karlmenn höfðu
sítt hár og notuðu skothúfu þegar þeir voru
ekki með hatt. Spariföt þeirra voru skrautlegt
vesti og síður jakki sem hét mussa.

Fólk gekk í ullarfötum sem það bjó til heima.
Sumt var prjónað, til dæmis sokkar og nærföt.
Allir lærðu að prjóna, bæði strákar og stelpur.
Efni í saumuð föt þurfti að vefa í vefstól. Tvinna
bjó fólk til úr ull og tölur úr beini en sparihatta
og fína hálsklúta þurfti að kaupa í búð.



Fötin voru lituð með litarefni úr jurtum.



Fæðgar í sparifötum. Barnaföt voru lík
fötum fullorðinna.

Matur



Þegar rjóminn var strokkaður í strokki breyttist hann í smjör.

Aðalfæða fólksins var mjólk úr kúm og kindum. Mjólkinn stóð í trogum þangað til rjóminn flaut ofan á. Hann var látinn í strokk og strokkaður svo að hann breyttist í smjör. Í trogunum var eftir undanrenna. Í hana var sett efni úr kálfsmaga svo að hún þyknaði og varð að skyri. Þá kom líka úr henni vökvi sem heitir mysa.

Fólk hafði ekki ísskápa eða frysti til að geyma matinn í. Mjólkurmaturinn var geymdur með því að láta hann súrna. Soðið kjöt og slátur var geymt í súrri mysu. Þá skemmdist það ekki en varð súrt á bragðið.

Fiskur var þurrkaður og geymdur sem harðfiskur. Kjöt var líka hægt að þurrka í reyknunum í eldhúsinu. Þá varð það að hangikjöti.

Í þorramat er margt af því sem fólk borðaði í gamla daga.



Oft var eldaður grauttur úr mjólk og mjöli, stundum líka fjallagrösum. Hræringur var blanda af graut og skyri. Oft var hafður hræringur bæði í morgunmat og kvöldmat. En í miðdagsmat var algengt að hafa harðfisk og smjör.

Slátur og kjöt var fremur sparimatur. Kjötið var ýmist borðað sem hangikjöt eða út í kjötsúpu.

Mjöl frá útlöndum var hægt að kaupa hjá kaupmönnum. Mest var það notað í graut. Stundum var þó bakað brauð, til dæmis flatkökur úr rúgmjöli. Það allra fínasta var laufabrauð úr hveitimjöli.

Helsti svaladrykkurinn var súr mysa sem var blönduð með vatni og kölluð blanda.



Svaladrykkurinn var blanda afsúrri mysu og vatni sem fólk fékk sér úr blöndukönnu.



Laufabrauð eru prýdd útskornu munstri.



Hreinlæti



Föt voru þvegin úr hlandi og skoluð í rennandi vatni.

Allir höfðu kopp undir rúminu til að pissa í á nóttunni.

Í gamla daga var ekkert klósett í húsum. Allir höfðu kopp undir rúminu sínu sem þeir pissuðu í á nóttunni. Annars gerði fólk það bara úti. Til að kúka fór maður út eða gerði það í fjósinu hjá kúnum.

Það var hvorki til sápa né þvottaefni, en hland losar óhreinindi líkt og sápa. Þess vegna var því safnað, bæði úr fólkinu og úr kúnum, og notað til að þvo úr. Fólk hafði ekki heldur heitt vatn nema hita það í potti. Föt voru þvegin úr hlandi og skoluð í köldu vatni úti í læk. Fólk kunni að fá góða lykt í sparifötin með því að setja blóm eða grös í fatakestuna.


Menn þvoðu sér um andlit og hendur í köldu vatni. En fólk fór sjaldan í bað. Fyrir jólin var þó að minnsta kosti hitað baðvatn svo að allir gætu þvegið sér hátt og lágt.



Það var erfitt að hreinsa húsin og því var fólk vant því að hafa óhreint í kringum sig. Moldargólf og veggi úr torfi og grjóti er ekki hægt að þvo. Í fínum baðstofum var trégólf og timburveggir. Þá var hægt að skúra gólfið með blautum sandi þegar búið var að moka út mestu óhreinindunum.

Skólpi og úrgangi var hent í gryfju fyrir framan bæinn. Úr henni gat komið heilmikil fýla þegar hlýtt var í veðri. Af eldinum í hlóðunum kom líka mikil lykt og svartur reykur. Konur sem unnu mikið í eldhúsinu gátu orðið alveg svartar í framan.

Á trégólf safnaðist skán af óhreinindum sem þurfti að bleyta upp og moka út.



Til að skrúbba potta og matarílát hafði fólk hrjúfan vikurstein eða þrjónaðan pottaþvegil úr grófu hrosshári.



Áhættusamt líf



Sjósókn var hættuleg í vondu veðri. Hættulegust var lendingin, þegar koma þurfti bátunum að landi, af því að hafnir voru óvída.



Hesturinn var oft nefndur þarfasti þjónninn.

Áður fyrr var fólk miklu fátækara en við erum núna. En það kunnist að lifa af litlu og oft leið því vel. Slys voru þó algeng, til dæmis á sjónum. Ef einhver slasaðist eða missti bæinn sinn í bruna fékk hann ekkert borgað því að það voru engar tryggingar. Fyrir veikt fólk voru engir spítalar. Læknar voru örfáir og þeir höfðu ekki þau meðul og tæki sem nú eru til.


Fólk lifði yfirleitt ekki eins lengi og núna. Algengt var að hjón eignuðust heilan hóp af börnum en mörg þeirra dóu á unga aldri. Það var líka algengt að börn misstu pabba sinn eða mömmu. Einstæðir foreldrar urðu oft að láta börnin frá sér. Þau ólust þá upp hjá öðru fólk.




Búskapurinn gekk misjafnlega. Stundum var góðæri. Þá spratt grasið vel, fólk fékk nóg hey handa skepnunum og þær gáfu af sér mikið af mjólk og kjöti. Hjá sjómönnum var góðæri þegar vel veiddist.

Stundum var líka hallæri. Grasið spratt þá illa vegna kulda eða heyið skemmdist af rigningum. Það vantaði hey og skepnurnar gátu dáðið úr hungri. Stundum var lítill afli á sjónum. Eldgos gátu valdið hallæri með því að skemma grasið. Ef hafís þakti sjóinn upp að landi var ekki hægt að veiða fisk og skip komust ekki með mat frá útlöndum.

Í hallæri vantaði fólk mat. Fátækt fólk varð jafnvel að flýja frá heimilum sínum og biðja um mat á öðrum bæjum.



Á hestbaki



Í gamla daga riðu konur í söðli. Ekki þótti fínt að þær sætu klovvega á hesti.


Í gamla daga voru engir bílar til. Í staðinn notuðu menn hesta. Hestar voru á hverjum bæ og krakkar lærðu að sitja hest þó að þau hefðu engan hnakk og bara bandspotta í staðinn fyrir beisli.

Karlmenn riðu í hnakk líkt og núna en konur riðu í söðli með báða fætur sömu megin. Þær voru líka alltaf í síðum pilsnum.

Hestarnir þurftu enga vegi. Þeir voru duglegir við að bera fólk yfir grjót og sand og þúfur, upp og niður brekkur. Það var meira að segja hægt að ríða yfir svo djúpar ár að hestarnir þyrftu að synda.



Farið yfir djúpa á. Fólk og farangur er ferjað á bát en hestarnir synda.



Hestarnir voru líka notaðir til að flytja hluti. Íslendingar áttu samt ekki hestvagna. Hestarnir þurftu að bera allt á bakinu. Þeir báru heyið heim að bænum. Þeir báru vörur sem bóndinn keypti og seldi. Og þegar fjölskyldan flutti á annan bæ þurftu hestarnir að bera það sem fólkið tók með sér.

Heyið var bundið í bagga og flutt heim á hestum.

Allt sem var flutt á hesti þurfti að binda í tvo bagga og hengja sinn hvorum megin á hestinum. Baggarnir urðu að vera jafnþungir svo að ekki hallaðist á hestinum.




Þegar mikið þurfti að flytja voru notaðir margir hestar. Hestarnir voru þá festir hver aftan í annan. Það hét lest. Einn krakki gat farið með heila lest af hestum, til dæmis þegar heyið var flutt heim.



Góður söðull eða hnakkur var verðmæt eign.

Verzlun



Í gamla daga notuðu Íslendingar sjaldan peninga. Það sem menn keyptu borguðu þeir fremur með vörum. Bóndi gat til dæmis borgað vinnumanninum kaupid með smjöri. Vinnumaðurinn gat svo selt smjörið, kannski fyrir hest.

Sumir bændur, sem áttu heima við sjóinn, höfðu fá húsdýr. Í staðinn áttu þeir báta og réðu menn til að róa á þeim og veiða fisk. Þessir bændur áttu oft harðfisk sem þeir seldu til dæmis í skiptum fyrir smjör eða ull. Á sama hátt gat duglegur trésmiður hjálpað fólki sem var að byggja nýja baðstofu. Duglegur járnsmiður smíðaði ljái til að slá gras, og skeifur til að járna hestana með. Fólk borgaði smiðunum með mat eða fötum.



Smiðjan var sérstakt hús þar sem menn smíðuðu úr glóandi járn, til dæmis skeifur á hestana.

Íslendingar kunnu að búa til flest sem þeir þurftu að nota. Sumt urðu þeir samt að kaupa frá útlöndum, til dæmis mjöl í brauð og graut, líka járn og timbur til að smíða úr.

Búðir voru bara á nokkrum stöðum sem hétu kaupstaðir. Búðin var lokuð á veturna en á sumrin kom kaupmaður frá útlöndum og opnaði búðina. Þangað komu bændur til að kaupa og selja vörur. Þeir borguðu með sínum vörum, til dæmis harðfiski, ull, sokkum og vettlingum. Þessar vörur fluttu kaupmenn til útlanda og seldu þar.

Á Íslandi var lengi einokunarverslun. Þá máttu bara danskir kaupmenn koma til Íslands og aðeins hafa eina búð á hverjum stað. Þeir borguðu kónginum mikla peninga fyrir að mega versla. Þess vegna urðu þeir að græða mikið á versluninni. Íslendingum þótti líka vörurnar hjá kaupmönnum bæði vondar og dýrar. En þeir urðu samt að versla við þá því að það voru engar aðrar búðir.




Í kaupstað lögðu Íslendingar inn ullarsokka og vettlinga sem kaupmenn seldu í útlöndum.



Á leið heim úr kaupstað.




Yfirvöldin



Það var löng ferð frá Danmörku til Íslands. Margir Danir, sem unnu við að stjórna Íslandi, komu aldrei hingað.

Æðsti maður yfir Íslandi var kóngur. Fyrst var það kóngurinn í Noregi. Svo eignaðist konungur Danmerkur Noreg og eftir það réð hann líka yfir Íslandi. Danakonungur kom til dæmis á siðaskiptum og einokunarverslun. Svo voru Íslendingar látnir samþykka að kóngurinn væri einvaldur. Eftir það áttu menn að hlýða öllu sem kóngurinn skipaði. Þetta gerðist í Kópavogi á samkomu sem er nefnd Kópavogsfundur.



Mörg íslensk börn þekkja Tívoli í Kaupmannahöfn. Í mörg hundruð ár var Kaupmannahöfn höfuðborg Íslands.

Danakonungur bjó í Kaupmannahöfn og kom aldrei til Íslands. Hann gat ekki hugsað sjálfur um allt sem þurfti að gera. Því voru það aðallega skrifstofumenn í Kaupmannahöfn sem stjórnðu Íslandi. Íslendingum fannst oft að Danir hefðu ekki mikið vit á því sem gerðist hér á Íslandi.

Á Íslandi voru embættismenn sem áttu að vinna fyrir kónginn og ráða yfir fólkinu. Einn embættismaðurinn var kallaður fógeti. Svo voru sýslumenn út um allt land. Þeir voru bæði lögregla og dómarar. Mennt borguðu skattana sína til sýslumannsins. En æðsti embættismaðurinn var danskur og átti heima á Bessastöðum.



Forseti Íslands býr á Bessastöðum á Álftanesi.

Í hverri sveit voru hreppstjórar eins og nú. Mjög fátækt fólk varð að biðja hreppstjórana um hjálp. Oft samdi hreppstjóri við einhvern bónda um að hafa fátæk börn og fékk bóndinn þá borgað fyrir.

Í hverri sveit var líka prestur. Hann sá um að börnum væri kennt að lesa þó að þau færu ekki í skóla og að þau lærðu kristinfræði áður en þau fermdust.



Hreppstjórinn borgaði fólki fyrir að hafa fátæk börn.
Stundum lentu þau hjá fólki sem hugsaði illa um þau og lét þau vinna alltof mikið.

Móðuharðindin



Jón Steingrímsson átti heima í þessum helli einn vetur. Hann stækkaði hellinn með því að höggva úr klettinum.

Einu sinni varð ógurlegt eldgos sem var kallað Skaftáreldar. Hraun rann yfir 13 sveitabæi og skemmdi margar fleiri jarðir. Aska huldi grasið nálægt eldgígnum. Blá móða lá yfir landinu og grasið skemmdist af eiturefnum frá gosinu. Á sama tíma var kalt í veðri og hafís á sjónum. Fjöldi húsdýra dó af því að heyið var eitrað eða of lítið. Allar þessar hörmungar eru kallaðar Móðuharðindi. Þúsundir manna dóu úr hungri.

Í sveitum, sem voru nálægt eldgosinu, varð margt fólk að flýja undan öskufalli og glóandi hrauni. Presturinn í þessum sveitum hét Jón Steingrímsson. Jón missti húsdýr eins og aðrir og konan hans dó. En hann vildi ekki fara frá sóknarbörnum sínum. Hann reyndi að hughreysta þau og hjálpa þeim.



Jón Steingrímsson var að messa á Kirkjubæjarklaustri þegar hraunið rann fram og stefndi á kirkjuna. Hann lauk samt við messuna, en á meðan stansaði hraunið og rann aldrei lengra.

Reykjavík

Á sama tíma og Jón Steingrímsson var uppi var fógæti sem hét Skúli Magnússon. Venjulega var fógætin danskur, en Skúli var fyrsti Íslendingurinn sem varð fógæti.

Skúli fógæti vildi breytingar og framfarir svo að Ísland yrði ekki áfram fátækt land. Skúli fékk konunginn til að hjálpa sér að stofna nýtt fyrirtæki á Íslandi. Það hét Innréttingarnar og var í Reykjavík. Innréttingarnar ráku meðal annars verksmiðjur til að búa til fataefni úr ull. Innréttingarnar byggðu mörg hús. Fólk gat flutt til Reykjavíkur og fengið vinnu hjá Innréttingunum. Áður var Reykjavík bara sveitabær en á þessum tíma byggðist þar upp þorp. Seinna varð þorpið að höfuðborg landsins.

Framfarir urðu þó hægar á Íslandi. Móðuharðindin gengu yfir og Íslendingar urðu ennþá fátækari en áður.

Veitingahús við Aðalstræti í Reykjavík. Þetta var eitt af húsum Innréttinganna í gamla daga.



Skúli fógæti er nefndur „faðir Reykjavíkur“ af því að hann kom Innréttingunum á fót.




Öld Jóns Sigurðssonar



Jón Sigurðsson var foringi Íslendinga þegar þeir byrjuðu að keppa að meira sjálfstæði.

Lengi fannst Íslendingum eðlilegt að Danakonungur og danskir embættismenn réðu yfir Íslandi. En svo kom að því að Íslendingar vildu ráða yfir landi sínu sjálfir. Þá fóru þeir að semja við Dani um ýmsar breytingar á stjórn landsins.

Fyrst fengu Íslendingar að kjósa þingmenn til Alþingis. Þingið réð ekki miklu í fyrstu en þingmenn heimtuðu meira sjálfstæði fyrir Ísland. Loks féllust Danir á að Alþingi mætti setja lög sem giltu á Íslandi. Það var samþykkt með sérstökum lögum sem konungur setti og heita stjórnarskrá.



Jón Sigurðsson átti heima í Kaupmannahöfn en kom til Íslands til að vera á Alþingi.


Foringi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttunni hét Jón Sigurðsson. Hann er kallaður þjóðhetja Íslendinga af því að hann vann mjög vel fyrir land sitt og þjóð. Jón Sigurðsson var alþingismaður en þingið starfaði þá bara nokkrar vikur í einu og réð ekki eins miklu og Alþingi ræður núna.

Jón Sigurðsson var aldrei ráðherra því að á hans dögum voru engir íslenskir ráðherrar. Í staðinn réðu ráðherrarnir í Danmörku líka yfir Íslandi. Jón Sigurðsson var aldrei forseti Íslands því að Íslendingar höfðu þá engan forseta. Í staðinn var konungur Danmerkur líka konungur yfir Íslandi. En Jón var oft kosinn forseti Alþingis.



Í stjórnarskránni er sagt hvernig á að stjórna landinu en Alþingi setur lögin.

Síðustu hundrað árin heita tuttugasta öld. Hún er frá ártalinu 1900 upp í 2000. Þar á undan var nítjándi öld frá 1800 til 1900. Jón Sigurðsson lifði á 19. öld. Ísland fékk stjórnarskrá árið 1874. Þá var Jón orðinn roskinn maður.



Heimastjórn



Stytturnar tvær minna á áfanga í sjálfstæði Íslands. Danskur konungur með stjórnarskrá handa Íslandi. Og Hannes Hafstein, fyrsti íslenski ráðherrann.

Þótt Íslendingar fengju stjórnarskrána héldu þeir sjálfstæðisbaráttunni áfram og smám saman létu Danir undan. Fyrst kom íslenskur ráðherra í Reykjavík í staðinn fyrir danska ráðherrann í Kaupmannahöfn. Það var kallað heimastjórn. Fyrsti ráðherrann hét Hannes Hafstein. Hann var líka skáld og orti mörg falleg kvæði. Seinna urðu ráðherrarnir fleiri. Þá er talað um ríkisstjórn.

Svo samþykktu Danir að Ísland yrði fullvalda ríki. Þá varð Ísland sérstakt ríki þar sem Íslendingar réðu mestu sjálfir. Danski kóngurinn var samt áfram konungur yfir Íslandi.

Í Reykjavík 1. desember 1918. Fólk fagnar því að Ísland varð fullvalda ríki – samt í tengslum við Danmörku.




Á heimastjórnartímanum urðu margs konar framfarir á Íslandi. Landið varð nútímalegra og ekki eins fátækt og áður. Þess vegna gat það líka fremur verið sjálfstætt.

Í lýðræðisríkjum kýs fólkið þingmenn til að stjórna. Allir mega hafa sínar skoðanir og segja hvað þeim finnst.

Kosningaréttur á Íslandi var fyrst þannig að fáir máttu kjósa og eingöngu karlmenn. Svo fékk allt fullorðið fólk að kjósa, einnig konur. Það var auðvitað meira lýðræði. Á þann hátt fóru konur að hafa áhrif á stjórn landsins. Konur fengu líka smátt og smátt jafnrétti á öðrum sviðum. Þær máttu fara í sömu skóla og karlmenn og vinna sömu störf.



Bríet Bjarnhéðinsdóttir var foringj kvenna í baráttunni fyrir jafnrétti. Laufey dóttir hennar var fyrsta stúlkan sem gekk í menntaskóla á Íslandi.



Í lýðræðisríki eru kosningar þar sem fólkið ákveður sjálft hverjir stjórna landinu.

Á stríðsárunum



Hitler var foringi nasista sem stjórnðu Þýskalandi í stríðinu. Nasistar lögðu undir sig mörg lönd en töpuðu samt að lokum.

Gamalt fólk man enn eftir stríðsárunum þó að meira en fimmtíu ár séu liðin. Til Íslands komu margir breskir og bandarískir hermenn og á hafinu voru oft bardagar milli herskipa, flugvéla og kaþbáta. Íslendingar börðust ekki í stríðinu en margir sjómenn fórust þegar skip urðu fyrir skotum og sprengjum.

Að sumu leyti græddu Íslendingar samt á stríðinu. Þeir gátu selt fisk til útlanda fyrir meiri peninga en venjulega og margt fólk fékk gott kaup í vinnu hjá hernum.



Íslensk börn og útlendir hermenn í Reykjavík. Hermennirnir voru hér ekki sem óvinir. Þessi börn eru nú orðin afar og ömmur.



Á fimmtíu ára afmæli Lýðveldisins var haldin þjóðhátíð á Þingvöllum.

Á stríðsárunum ákváðu Íslendingar að gera land sitt algerlega sjálfstætt. Konungurinn í Danmörku skyldi ekki lengur vera konungur Íslands heldur skyldu Íslendingar velja sér sinn eigin forseta. Þá breyttist Ísland í lýðveldi. Lýðveldið var stofnað á mikilli hátíð á Þingvöllum 17. júní 1944. Dagurinn var valinn af því að hann var afmælisdagur Jóns Sigurðssonar, þjóðhetjunnar úr sjálfstæðisbaráttunni. Síðan er 17. júní þjóðhátíðardagur Íslendinga.

Flest sjálfstæð lönd eru miklu fjölmennari en Ísland. Þess vegna eru Íslendingar kallaðir smáþjóð. Ísland á margs konar samvinnu við önnur lönd. Til dæmis við Danmörku. Áður réðu Danir yfir Íslandi, en nú eru Danir og Íslendingar sjálfstæðar vinaþjóðir.



Með stofnun Lýðveldisins 1944 fékk Ísland fullt sjálfstæði.

Sveitin og landið



Sveitirnar hafa breyst mikið frá því sem var í gamla daga. Nú býr þar miklu færri fólk og margir sveitabæir eru komnir í eyði, enginn á þar lengur heima. En bændur nota vélar og tæki til að rækta stór tún og annast miklu fleiri kýr og kindur en fólk gat haft í gamla daga. Ein fjölskylda í sveit getur nú hæglega framleitt mjólk eða kjöt handa fólki sem býr við heila götu í bæ eða þorpi.



Ennþá eru sveitabæir á Íslandi. En þeir eru allt öðruvísi en í gamla daga.

Lífið í sveitinni er á ýmsan hátt ólíkt lífinu í þéttbýli. Sveitakrakkar hjálpa oft til við skepnurnar. Margir þeirra eiga heima langt frá skólanum og fara á milli í skólabil.



Í sveitinni heyjar fólk á sumrin. Nú er það gert með vélum.

Áður fyrr áttu allir heima í sveit en nú búa langtum fleiri í bæjum og þorpum. Allir fá samt matvörur úr sveitinni, til dæmis mjólk, kjöt og grænmeti. Margir bæjarbúar njóta þess að ferðast um sveitir landsins. Íslendingar eiga landið sitt saman og þurfa að hjálpast að við að fegra það og spilla ekki náttúru þess.

Útlendingar koma líka til að ferðast um landið. Margir vinna við að flytja ferðamenn um landið, taka á móti þeim og selja þeim mat og gistingu. Þannig skapa ferðamenn atvinnu.



Nú stofna flestir heimili í þéttbýli.




Á ferðalögum njóta bæjarbúar náttúru landsins.

Fiskurinn í sjónum



Í fiskvinnu fyrir hundrað árum.



Langalengi veiddu Íslendingar allan sinn fisk á árabátum. Fyrir hundrað árum var líka farið að gera út seglskip. Þau voru lokuð að ofan og ekki eins hættuleg í vondu veðri.

Íslendingar hafa alltaf veitt fisk. Í gamla daga höfðu þeir bara árabáta og verkuðu fiskinn í skreið eða harðfisk. Fyrir hundrað árum voru líka komin seglskip til að veiða fisk. Þá var mest af aflanum verkað sem saltfiskur og selt til útlanda.

Svo komu trillubátar með vél í staðinn fyrir árabáta, vélbátar og togarar í staðinn fyrir seglskipin. Veiðiskipin urðu stærri og fullkomnari og gátu veitt meira. Í landi risu frystihús og bræðslur og söltunarstöðvar til að vinna aflann.

Þó að fremur fátt fólk vinni á sjó eða í fiski hefur það mjög stórvirk tæki. Þess vegna getur það framleitt gríðarmikið af vonduðum vörum sem seldar eru til útlanda. Fiskveiðarnar hafa fært okkur mikinn auð.



Fiskimiðin eru ein helsta auðlind Íslendinga. Ef við hefðum ekki fiskinn til að selja til útlanda, gætum við ekki borgað fyrir alla þá hluti sem við kaupum frá öðrum löndum.

Nú eru veiðiskipin orðin svo stórvirk að þau gætu hæglega veitt alltof mikið af fiski. Þá væri of lítið af fiski eftir í sjónum til að stækka og fjölga sér. Þess vegna þarf að stjórna veiðunum og gæta þess að ekki sé veitt of mikið á hverju ári.

Áður fyrr gátu útlend skip komið og veitt við Ísland eins og þeim sýndist. Þá höfðu Íslendingar engin tæk á að stöðva ofveiði á fiskinum. Nú ráða Íslendingar sjálfir yfir stóru svæði kringum landið þar sem mest af fiskimiðunum er.



Þorskurinn gefur mest verðmæti af öllum fisktegundum á Íslandsmiðum.



Fiskiskip nútímans veiða margfalt meira en hægt var í gamla daga.



Þegar Íslendingar stækkuðu fiskveiðilögsöguna urðu hörð átök við Breta, svokölluð „þorskastríð“. Bresk herskip skutu ekki á íslensku varðskipin, en sigldu oft utan í þau.

Börnin læra



Í gamla daga lærðu börnin að vinna með því að hjálpa þeim fullorðnu.



Drengur að læra handbragð af karli.

Nú þarf ungt fólk að læra í skóla til að búa sig undir mismunandi störf.

Í gamla daga áttu allir heima í sveit og unnu við búskap. Störfin voru fjölbreytt og fólk þurfti að kunna þau vel. En börnin lærðu þau heima hjá sér með því að hjálpa fullorðna fólkinu. Þau þurftu ekki að fara í skóla til að búa sig undir störf – nema fáeinir strákar sem áttu að verða prestar og sýslumenn.

Þetta breyttist þegar flestir fóru að búa í þétt-býli. Nú stundar fólk alls konar störf á vinnustað sínum. Börnin fara ekki með til að hjálpa þabba og mömmu í vinnunni. Þau eru í skóla. Mörg þeirra fara seinna í framhaldsnám til að búa sig undir ákveðin störf.



Karlar og konur

Í sveitinni í gamla daga voru ólíkar venjur og reglur fyrir karla og konur. Bóndinn réð öllu um búskapinn, en húsfreyjan sá um heimilið. Vinnukonur fengu lægra kaup en vinnumenn þó að þær hefðu oft meira að gera. Sum verk voru helst fyrir karlmenn, önnur fyrir konur.

Þegar bæirnir fóru að vaxa voru þar líka mismunandi störf fyrir karla og konur. Öll bestu störfin voru karlastörf. Konur sáu um heimilið, og ef þær unnu úti fengu þær lægra kaup en karlmenn.

Nú er minni munur á störfum karla og kvenna. Samt er algengara að karlmenn fái góða vinnu og hátt kaup, og konur bera oftast meiri ábyrgð á heimilinu. Nú er meira jafnrétti en áður var, en samt er ekki fullt jafnrétti.



Áður fyrr var mikill munur á störfum karla og kvenna. Nú er meira um að karlar og konur vinni sömu störf.

Allt annað líf



Í gamla daga breyttist lífið ekki hratt. Fólk gerði hlutina yfirleitt á sama hátt alla sína ævi. En með nútímanum komu meiri breytingar og framfarir. Flest fullorðið fólk er í vinnu sem hefur breyst síðan það byrjaði að vinna. Til dæmis þannig að nú eru notaðar tölvur eða önnur tæki sem voru ekki til áður.



Heima hjá fólki hefur líka margt breyst síðan fullorðna fólkíð var ungt. Það notar önnur heimilistæki, borðar öðruvísi mat og svo framvegis.


Þeir sem nú eru ungir mega líka búast við annars konar lífi seinna á ævinni.



Tæknin er eitt af því sem alltaf er að breytast. Í gamla daga var ekkert til sem gekk fyrir vélum eða rafmagni. En nú eru alltaf að verða til fullkonnari vélar og tæki.

Annað sem breytist eru lífskjörin. Smám saman hefur Ísland orðið ríkara. Við höfum náð betri tókum á auðlindum okkar og náttúrunni. Fólk á meiri peninga, getur keypt fleira og haft meiri þægindi. Og í framtíðinni vonar fólk að kjörin verði ennþá betri.

Nútímafólk ætti víst erfitt með að venjast lífinu eins og það var á fyrri öldum, þegar tæknin var frumstæð og lífskjörin bág. En það er fróðlegt að kynnast sögu landsins og vita hvernig fólk gat lifað á allt annan hátt en við gerum nú. Sagan sýnir okkur líka hvernig Ísland breyttist í það sem það er núna.



Listi yfir myndefni

- Árni Sæberg: bls. 51 miðja
Bændablaðið Freyr: bls. 48 neðst
Bragi Jósepsson: bls. 43
Bruun, Daniel: bls. 32, 37 (teikning)
Eiríkur Jónsson: bls. 41 neðst
Guðmundur Ólafsson: bls. 53 neðst
Gunnar V. Andrésson: bls. 5, 10
Hallgerður Gísladóttir: bls. 25 neðst, 28, 30, 31, 40
Hermann Sigurðsson: bls. 51 neðst t.v.
Jóhanna Ólafsdóttir: bls. 41 efst, 52 neðst t.h., 55
Jón Eiríksson: bls. 48 miðja
Júlíus Sigurjónsson: bls. 8
Karl Ch. Nielsen/Ljósmyndasafn Reykjavíkur: bls. 54 miðja
Kristján Ingi Einarsson: bls. 55 efst og neðst t.v.
Landsbókasafn Íslands/Gaimard, Paul: bls. 26
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: bls. 53, 54 neðst t.h.
Magnús Ólafsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur: bls. 23, 44 neðst, 51 neðst t.h., 52 miðja, 54 neðst t.v.
Nationalmuseet/teikning eftir Þorvald Skógalín: bls. 27
Ólafur Magnússon/Ljósmyndasafn Reykjavíkur: bls. 24
Pálmi Guðmundsson: bls. 17, 39, 49
Peter Sörå/Ljósmyndasafn Reykjavíkur: bls. 54 efst
Ragnar Axelsson: bls. 47 efst
Sigfús Már Pétursson: bls. 55 neðst
Sigurður Stefán Jónsson: bls. 4, 11, 13, 16, 18, 22, 29, 44 efst, 50, kápa og bakkápa
Vigfús Sigurgeirsson: bls. 21
- Þjóðminjasafn Íslands/nr. 4795/Ívar Brynjólfsson: bls. 7
Þjóðminjasafn Íslands/Ívar Brynjólfsson: bls. 25 efst
Þjóðminjasafn Íslands/Gaimard, Paul: bls. 34
Þjóðminjasafn Íslands/nr. 1876 og 1659/Ívar Brynjólfsson: bls. 35
Þjóðminjasafn Íslands/nr.10116: bls. 42
Þjóðminjasafn Íslands/Pétur Brynjólfsson/nr. 6187: bls. 45
Þjóðminjasafn Íslands/Imp/nr. 4448: bls. 46
Þjóðminjasafn Íslands/Sigurður Tómasson: bls. 47 neðst
Þjóðminjasafn Íslands/Daniel Bruun/nr. 89367: bls.52 efst

Lífið fyrr og nú

Stutt Íslandssaga
ISBN 978-9979-0-2589-4

- © 1998 Hallgerður Gísladóttir
og Helgi Skúli Kjartansson
© 1998 teikningar: Freydís Kristjánsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Kápuhönnun: Anna Cynthia Leplar
Útlit og umbrot: NÁMSGAGNASTOFNUN

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 1998
2. útgáfa 2000
3. útgáfa 2003

Menntamálastofnun Kópavogi

Prentvinnsla: Hagprent ehf.



Bókin *Lífið fyrr og nú* segir á einfaldan hátt frá lífi fólks á Íslandi nú og í gamla daga.

Margar fallegar teikningar eru í bókinni og ljósmyndir sem gaman er að skoða og tala um.

Í bókinni er sagt frá öðrum bókum þar sem hægt er að lesa meira um þetta.

Fróðlegt er að kynnst sögu landsins og vita hvernig fólk gat lifað á annan hátt en við gerum nú.

Bókin er einnig til á hljómbandi.

